



SAM 239/1997 ÞS/RH
Reykjavík, 29. apríl 1997

**Umsögn
um frumvarp til laga
um lögræðislög, 410. mál, heildarlög**

*Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1818
komudagur 29.4.1997*

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis dags. 3. apríl 1997, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um lögræðislög, 410. mál, heildarlög.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að breyting verði gerð á 1. gr. frumvarpsins þess efnis að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár.

Í því sambandi er vísað til ályktunar 52. fulltrúaráðsfundar sambandsins 1996 um vímuefnavarnir, þar sem samþykkt var að fela stjórn sambandsins að beita sér fyrir hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár. Í samræmi við þá ályktun var allsherjarnefnd Alþingis send umsögn, dags. 1. júlí 1996, um frumvörp til laga um lögræðislög, (456 og 457 mál 1996), þar sem mælt var með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár.

Með hækkun sjálfræðisaldurs væri komið á samræmi milli sjálfræðis- og fjárráðaaldurs og framfærsluskyldu foreldra sem nær til 18 ára aldurs. Þeir sem starfa við félagsþjónustu sveitarfélaga telja jafnframt að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár myndi leiða til þess að auðveldara væri fyrir félagsmálayfirvöld sveitarfélaganna að koma foreldrum og ungmenum til aðstoðar í ýmsum erfiðleikum sem ungmenni rata í og sífellt algengara er að félagsmálayfirvöld sveitarfélaganna þurfa að hafa afskipti af. Jafnframt er bent á að í nálægum löndum er sjálfræðisaldurinn víðast miðaður við 18 ár en aðstæður ungmenna á Íslandi eru tæpast mjög frábrugðnar því sem þar gerist.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Þórður skúlason
framkvæmdastjóri

**Allsherjarnefnd Alþingis
frú Sólveig Pétursdóttir, nefndarformaður
Alþingi
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík**